

#### **Markmið verkefnis: Að auka á ásjón kvenna í fjölmiðlum**

Tímabilið 2013-2017, stendur FKA að sérstöku verkefni sem kallar á að auka ásjón kvenna í fjölmiðlum. Með því er markmiðið að fjölbreytni verði meiri í fjölmiðlum, hvort sem er í viðmælendahóp eða hópi blaða-, frétt- og dagskrárgerðarfólks. Fyrirmynd verkefnisins er „Stjórnarverkefnið 2009-2013,” þar sem aðkoma FKA hafði veruleg áhrif á að kynjahlutföll í stjórnum stærri fyrirtækja hafa verið að breytast hér á landi.

Verkefnahópur hefur verið myndaður í kringum verkefnið. Verkefnahópurinn skipa eftirfarandi félagskonur:

- Helga Margrét Reykdal - True North
- Hulda Bjarnadóttir - FKA/Bylgjan
- Hulda Dóra Styrmissdóttir - HR
- Íris Gunnarsdóttir - Lyfja/Heilsu áður Femin
- María Mariusdóttir - Drangey
- Rakel Sveinsdóttir - Spyr.is
- Þórdís Lóa Þórhallsdóttir - Formaður FKA

#### **Tilgangur verkefnisins: Að endurspeglar samfélagið og auka ásjón kvenna í fjölmiðlum**

Vekja sem flesta til jákvæðrar vitundar um að konur búa yfir heilmikilli þekkingu og reynslu sem hægt er að nýta í frétt- og þjóðfélagsmálum. Með fjölbreytni í viðmælendahópi eru fjölmiðlar líklegri til að endurspeglar samfélagið. Áherslan verður á fjölbreytni og samfélagið og við viljum forðast umræðu um „jafnrétti” eða „kynjafraði”.

#### **Framkvæmd: Samstarfsaðilar, námskeið og viðburðir í tengslum við verkefnið**

- Haustið 2013 stóð FKA fyrir fjölmönnum fundi FKA kvenna með ritstjórum og fréttastjórum helstu fjölmiðla á landinu. Á þeim fundi voru fyrstu niðurstöður fjölmiðlamælingar Creditinfo kynntar, en þær sýndu mjög hægfara þróun síðustu árin varðandi kynjahlutfall kvenna og karla í viðmælendahópum ljósvakamiðla. Má segja að hlutföll hafi verið 30:70, körlum í vil. Á fundinum ræddu fundargestir og fjölmiðlar um leiðir til úrbóta, hvort sem er innan raða kvenna sem viðmælendur eða innan fjölmiðlanna sjálfra. Fjölmiðlar gerðu niðurstöður mælingarinnar einnig góð skil.
- Þennan vetur kynnti fjölmiðlanefnd FKA verkefnið einnig fyrir háskólasamfélaginu, en gott samstarf myndaðist á milli þessara hópa í stjórnarverkefninu svokölluðu. Hefur það orðið til þess að háskólasamfélagið hefur í einhverjum tilfellum fengið styrki til að rannsaka betur áhrif breyttrar kynjasamsetningar í stjórnum fyrirtækja og er ætlunin að FKA vinni nánar með þessum hópi á síðari stigum verkefnis.
- Ingibjörg Þórðardóttir, þáverandi ritstjóri BBC og núverandi stjórnandi CNN, var fengin til landsins til að halda erindi á fundi fjölmiðlanefndar FKA. Á þeim fundi kynnti hún það verkefni BBC, þar sem konur hafa verið þjálfaðar sérstaklega til að verða öflugir sérfræðingar í fjölmiðlum. Til viðbótar við þennan fund, var haldinn lokaður fundur með konum sem starfa í fjölmiðlum en þar deildi Ingibjörg þeirri reynslu sem hún hefur haft frá Bretlandi, sbr. markmið um að auka á ásjón og vægi kvenna í fjölmiðlum.
- Í vetur verður ráðstefna haldin í febrúar, þar sem forsvarsmenn stærstu fjölmiðla landsins, RÚV og 365 miðlar, munu kynna aðgerðaráætlun sína fyrir komandi ár. Á þeirri ráðstefnu er ætlunin að sjá og heyra, hvað fjölmiðlarnir sjálfir eru að gera til að auka á ásjón kvenna innan sinna raða. Ráðstefnan hefur verið í undirbúning síðan síðasta vetur.
- Verkefnahópur mun samhliða vinna að því að senda hugmyndir til fjölmiðla um konur og fréttir, upplýsingar um konur sem hafa sérhæfða reynslu, hvernig nýta má kerfi FKA o.s.frv. Í þessari vinnu verður jafnframt leitast við að búa til fréttæmar samantektir og fleira sem formaður FKA mun koma á framfæri við fjölmiðla (verkefnahópurinn vinnur með formanni).

- FKA kynnti einnig til sögunnar ný fjölmiðlanámskeið fyrir konur, sem ætlað er að þjálfa þær og leiðbeina til að koma fram í fjölmiðlum og/eða að efla tengsl sín við fjölmiðla þannig að þær verði þær virkari þátttakendur. Yfirskrift námskeiðanna eru „Öll trixín í bókinni,” en leiðbeinendur síðasta námskeiðs voru Margrét Blöndal og Inger Anna Aikman. Leiðbeinandi næsta námskeiðs verður Sigríður Arnardóttir. Einnig hafa verið fundir innan FKA þar sem komið hafa konur með mikla reynslu af því að vera í fjölmiðlum. Á þessum fundum hafa verið hreinskiptið samtal um hvernig það er að vera í nálarauga fjölmiðla ofl. Mikill lærdómur hefur komið af þessum fundum.

### **Stjórnsmál: Fjölmiðlar endurspeglar ekki samfélagið sem við búum í**

Liður í verkefni FKA er að auka á meðvitund stjórnsmálanna á mikilvægi þess að kynjahlutföll séu jafnari í fjölmiðlum. Síðasta vetur hitti fjölmiðlanefnd FKA fyrir **Allsherjarnefnd Alþingis** og kynnti þingmönnum verkefnið. Þar var meðal annars haft til hliðsjónar að breska lávarðadeildin hefur unnið að sambærilegum mælingum og Creditinfo gerði fyrir FKA og þar er unnið markvisst að því að auka á ásýnd kvenna í breskum fjölmiðlum.

### **Nafnalisti kvenna fyrir fjölmiðla: Helstu kvensérfræðingarnir í atvinnulífinu**

FKA stóð jafnframt fyrir því að konur skráðu sig á lista á vefsíðu FKA, þar sem nafn þeirra kæmi fram fyrir fjölmiðla, í dag eru um 500 konur á skrá (Hulda ertu með nákvæma tölu). **Nafnalisti** er hvatning fyrir fjölmiðla að hafa samband við konur, sem eru tilbúnar til að koma fram í fjölmiðlum.

Þá er þessa stundina unnið að **sérhæfðum sérfræðingalista** sem kynntur verður síðar í vetur. Sá listi tekur meðal annars hliðsjón af þeirri vinnu sem BBC kynnti fyrir FKA konum, með heimsókn Ingibjargar Þórðardóttur.

### **Fjölmiðlaefni: Þátttaka og virkni í miðlum**

Fjölmiðlanefnd FKA fór einnig í samstarf við **Markaðinn hjá Fréttablaðinu** um regluleg pistlaskrif FKA kvenna. Pistlarnir eru ekki birtir undir nafni FKA, enda ætlunin fyrst og fremst að auka ásýnd og þáttöku kvenna í umræðunni. 20/30 (segja hér hversu margar því nokkrar er lítið- gefum þeim stærðina hér) FKA konur skrifa því pistla í Markaðinn og hafa nú gert í á annað ár.

Þá var farið í samstarf við **sjónvarpsstöðina Hringbraut um sérstakan viðskiptaþátt** sem bar heitið Hringtorg. Þátturinn var fyrsti viðskiptaþátturinn í sjónvarpi, sem stjórnað var af konu en umsjónarmaður hans var Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri FKA.

Með sjónvarpsþættinum var markmiðið ekki aðeins að auka á ásýnd kvenna, heldur einnig að kanna hvort rétt reyndist að erfiðlega gangi að fá konur í viðtöl fyrir sérhæfð málefni, sbr. umfjöllun um viðskipti og atvinnulíf.

Niðurstöður þessa verkefnis voru þær að kynjahlutföll voru 22 konur á móti 16 körlum og þykir verkefnið til sönnunar á því að konur séu tilbúnar og alveg jafn hæfar og karlar, til að taka virkan þátt í umræðu sem karlmenn hafa einokað að miklu leyti til þessa.

### **Framkvæmd: Tímabil**

Verkefninu mun formlega ljúka haustið 2017 og verður árangur þá kynntur með niðurstöðum mælinga (Creditinfo). Einnig verður leitast við að vinna með Fjölmiðlasviði HÍ, Rannís og erlendum aðilum, Fjölmiðlanefnd, ritstjórum, fjölmiðlafólki og ekki síst félagskonum. Útbúinn verður sérstakur sérfræðingalisti.